
Á MÓTI STRAUMNUM

VERK LISTAKVENNA ÚR SAFNEIGN

08. 02.- 30. 03. 2024



Í safneign listasafns Borgarfjarðar má finna margar perlur úr íslenskri listasögu. Með sýningu á verkum kvenna úr safneigninni er verið að gefa þessum merku listakonum rými og samhengi í sögunni.

Listakonurnar, sem eiga verk á sýningunni, hafa allar verið brautryðjendur, hver á sínu sviði. Þær hafa auðgað íslenska menningarsögu með verkum sínum og opnað gáttina fyrir aðrar konur sem vildu helga líf sitt listinni. En konur sem kosið hafa að gera listsköpun að ævistarfi, hafa gegnum tíðina þurft að synda móti straumnum. Sumar þeirra þurftu að berjast fyrir tækifærum til náms og sumar þurftu að þola mótspyrnu frá bæði eigin stétt og almenningi. Enn þann dag í dag þarf að spyrja spurninga og skoða samhengi listsköpunar og jafnréttis kynja; áhrifin á listafólkið sjálft, verk þeirra og hvernig þeim er tekið í samfélaginu.

Sýningarstjóri er Kolbrún Anna Björnsdóttir



Safnahús Borgarfjarðar
Bjarnarbraut 4-6, Borgarnesi - www.safnahus.is

Ásgerður Ester Búadóttir

(1920-2014)

Ásgerður Ester stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1942-46 og Det Kongelige danske Kunstakademi 1946-49.

Ásgerður Ester var sæmd fálkaorðunni 1993 og naut heiðurslauna Alþingis frá 1995. Ásgerður Ester var frumkvöðull nútíma veflistar á Íslandi.

Barbara Moray Williams Árnason

(1911-1975)

**Barbara stundaði nám við Winchester
College of Art 1929-31 og lauk
framhaldsnámi frá The Royal College of
Art í London 1934.**

Barbara bjó og starfaði á Íslandi frá 1937.

Drífa Viðar

(1920-1971)

Drífa stundaði myndlistarnám hjá Jóni Þorleifssyni 1938-40. Hún fór í námsferðir til New York 1943-1945 og Parísar 1946-47.

Drífa bjó og starfaði sem myndlistarmaður og rithöfundur á Íslandi og í Svíþjóð.

Eyborg Guðmundsdóttir

(1924-1977)

Eyborg stundaði nám við Académie Julien 1959-63. Hún bjó og starfaði í París og Reykjavík, við bæði myndlist og hönnun.

Eyborg markaði sér stöðu sem helsti fulltrúi op-listar á Íslandi.

Gerður Helgadóttir

(1928-1975)

Gerður stundaði listnám við Myndlista- og handíðaskólann 1945-47. Hún stundaði framhaldsnám í Accademia di Bella arte í Flórens 1947-49, í Académie de la Grande-Chaumière 1949-50 og í einkaskóla Ossip Zadkine veturinn 1950-51.

Gerður bjó og starfaði í París mestan hluta ævinnar. Gerður var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1974.

Guðmunda Andrésdóttir

(1922-2002)

Guðmunda stundaði nám við Konstfack-skolan í Stokkhólmi 1945-46 og sótti málaraskóla Otto Skjöld samhliða því. Þá nam hún við Listaháskólann í Stokkhólmi 1946-48. Guðmunda stundaði einnig nám í París við L'Académie de la Grande Chaumiere 1951 og L'Académie Ranson 1951-53.

Guðmunda bjó og starfaði í Reykjavík. Hjá Listasafni Íslands er starfræktur styrktarsjóður í nafni hennar, ætlaður til að styrkja myndlistarfólk til framhaldsnáms.

Kristín Jónsdóttir

(1888-1959)

Kristín stundaði nám við Tegne- og Kunstindustriskolen for Kvinder og Konunglegu listaakademíuna í Kaupmannahöfn 1911-16.

Kristín var meðal fyrstu kvenna á Íslandi til að gera myndlist að ævistarfi sínu. Hún sýndi verk sín á Íslandi, Þýskalandi og á Norðurlöndunum og eru verk eftir hana í eigu helstu listasafna Norðurlanda.

Matthea Jónsdóttir

(1935-2009)

Matthea stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík 1954-56 og við Myndlistarskólann í Reykjavík 1960-61.

Matthea bjó og starfaði á Íslandi.

Nína Tryggvadóttir

(1913-1968)

Nína stundaði listnám við Konunglega danska listaháskólann 1935-39. Hún fór í framhaldsnám í Hans Hofmann School of Fine Arts í New York frá 1943-46.

Nína bjó og starfaði sem listamaður og skáld í New York, París og London.

Ragnheiður Jónsdóttir

(1933-)

Ragnheiður hóf nám við Myndlistarskólann í Reykjavík árið 1954. Hún hélt námi sínu áfram í Glyptek í Kaupmannahöfn 1959-61 og fór svo aftur í Myndlistarskólann í Reykjavík 1962. Hún nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1964-68 og svo við Atelier 17 í París 1968-70.

Ragnheiður býr og starfar á Íslandi og er ein forvígismanna hins myndræna feminisma.

Ragnheiður Jónsdóttir Ream

(1917-1977)

Ragnheiður stundaði nám við listadeild
American University í Washington 1954-59.

Ragnheiður hélt fjölda einkasýninga bæði
á Íslandi og erlendis.

Soffía Þorkelsdóttir

(1915-2007)

**Soffía sótti myndlistarnámskeið hjá
Baðstofunni frá 1974.**

**Soffía rak hannyrðaverslun í Keflavík og
stundaði list sína jafnhliða því.**

Fyrsta bylgja femínisma

(um 1850-1920)

Í fyrstu bylgju femínisma var barist fyrir grundvallar mannréttindum kvenna og viðurkenningu á þátttöku þeirra í samfélaginu.

Innan listaheimsins var lögð áhersla á gera framlag kvenna sýnilegt bæði í samtímanum og gegnum listasöguna.

Þessarri kröfu var mætt með miklum mótþróa og því haldið fram að konum stæði hætta af menntun og andlegum störfum, slíkt gæti meðal annars leitt til ófrjósemi og óeðlis.

Almennt var talið að eðlismunur væri á körlum og konum.

Karllægir eiginleikar voru skynsemi og rökhugsun. Kvenlægir eiginleikar voru tilfinningar og innsæi.

Þetta átti að þýða að konur væru ekki færar um frumsköpun listaverka, heldur gætu þær eingöngu hermt eftir verkum karla.

Önnur bylgja femínisma

(um 1960-1990)

Í annnarri bylgju femínisma var sjónum beint að kerfislægri og félagslegri mismunum.

Í listaheiminum var barist fyrir breyttu samfélagi þar sem konur ættu jafnan rétt til menntunar og aðgangs að sýningarrými og söfnum.

Þá var bent á að erfitt væri að draga fram hlut kvenna bæði í listasögunni og samtímanum því þeim hefði verið haldið frá listsköpun með samfélagslegum höftum og þær bundnar hugmyndum um hlutverk kvenna.

Hugtakið „glerpak“ var búið til um þá samfélagslegu hindrun sem stæði í vegi þess að konur næðu sama f ramgangi og karlar.

Í þessarri bylgju urðu til femíniskir listamenn og -hópar sem notuðu list sína á pólitískan hátt.

Þriðja og fjórða bylgja femínisma

(um 1990-)

Þegar komið var undir lok 20. aldar færðist áhersla jafnréttisbaráttunnar á fjölbreytileika og upplifun hvers einstaklings með því að skoða skörun eða samtvinnun félagslegra þátta, s.s. litarhátt, kyngervi og kynhneigð og áhrifa þess á stöðu hvers og eins innan samfélagsins.

Með tímanum hefur áhersla á valdeflingu jaðarsettra hópa aukist, meðal annars með kröfu um jafnari dreifingu valds, frá þeim valdameiri til þeirra sem minni völd hafa.

Innan listaheimsins þarf að athuga hvaða áhrif félagslegir þættir og skörun þeirra hefur á tækifæri hvers jaðarsetts einstaklings t.d. til náms, aðgengi að sýningarrýmum, auk gildismats á og viðhorfa til verka þeirra.